

---

**2008 nr. 48 29. maí****Lög um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls**

Tóku gildi 6. júní 2008. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.** Sveitarstjórn Fljótisdalshéraðs er heimilt að ráðstafa and-

virði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu.

 Ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna skal háð samþykki [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.<sup>1)</sup> L. 126/2011, 479. gr.**■ 2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.